

Nefndarsvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is



11. mars 2022

2203005 IBE

s. 1/1

Umsögn Reykhólahrepps um 46. mál, þingsályktun um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir hér með umsögn um ofangreint mál.

Breiðafjarðarferjan Baldur hefur grunnhlutverki að gegna gagnvart íbúum Reykhólahrepps í Flatey, bæði hvað varðar samgöngur og flutninga á vörum, olíu og neysluvatni.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps leggur ríka áherslu á öryggi farþega um borð í ferjunni sé tryggt og einnig ekki síst öryggi farþega við höfnina í Flatey á meðan ferjan stoppar þar. Núverandi aðstæður eru ekki góðar, þrátt fyrir að unnið hafi verið að styrkingu hafnarinna í tengslum við núverandi Baldur.

Á vettvangi Fjórðungssamband Vestfirðinga var samþykkt ályktun sem sveitarstjórn Reykhólahrepps tók einróma undir.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps styður því þingsályktunina og tekur undir umsögn Fjórðungssamband Vestfirðinga um málið.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir
sveitarstjóri

sveitarstjori@reykholar.is

